

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum (afleiðuviðskipti, vatnsveitur og fráveitur, arðsúthlutun til eigenda félaga, millilandasamruni, milliverðlagning, sérstakur fjársýsluskattur, eindagi).

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar (FSigurj, PHB, WÞÞ, GStein, LínS, RR, VilB).

1. Í stað orðanna „tekjur af afleiðusamningum, þó ekki vaxtaskiptasamningum“ í 1. gr. komi: tekjur af afleiðusamningum hér á landi.
2. 3. gr. falli brott.
3. Orðin „þó ekki vaxtaskiptasamninga“ í 5. gr. falli brott.
4. Orðin „öðrum en vaxtaskiptasamningum“ í 6. gr. falli brott.
5. Orðin „sem eru seldir á skipulegum verðbréfamarkaði þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf“ í 7. gr. falli brott.
6. Orðin „sem eru seldir á skipulegum verðbréfamarkaði þar sem undirliggjandi verðmæti eru eingöngu hlutabréf“ í 8. gr. falli brott.
7. Í stað orðsins „yfirtökufélag“ 1. másl. 10. gr. komi: yfirtökufélag skv. 2. mgr. 51. gr.
8. Eftirfarandi breytingar verði á 3. mgr. a-liðar 11. gr.:
 - a. Í stað orðanna „er hann skjölunarskyldur“ í 1. másl. komi: er hann skjölunarskyldur frá og með næsta reikningsári.
 - b. Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Lögðili skal bregðast við beiðni skattyfirvalda um aðgang að skjölunarskyldum gögnum eigi síðar en 45 dögum eftir að beiðnin kom fram.
9. 12. gr. orðist svo:
 2. og 3. másl. 4. mgr. 58. gr. laganna orðast svo:

Maður telst hafa ráðandi stöðu í þessu sambandi ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum eða starfandi hluthöfum á samtals 50% hlut eða meira í lögaðila enda eigi hver um sig a.m.k. 5% hlut í þeim lögaðila.